

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

Deiliskipulagsbreyting, Áss- og Grundarsvæðis vegna Hverahlíðar.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum 10. apríl 2025 breytingu á deiliskipulagi Áss- og Grundarsvæðis með áorðnum breytingum eftir auglýstan athugasemdafrest. Markmið breytts deiliskipulags er að tryggja stækkun á fyrirhuguðu hjúkrunarheimili og húsnæði fyrir starfsemi Dvalarheimilisins Áss og Grundar. Allar lóðir innan svæðisins eru í eigu Hveragerðisbæjar en lóðarhafar eru Dvalarheimilið Ás og Grund. Innan reitsins eru þjónustuíbúðir auk húsnæðis fyrir tengda starfsemi s.s. eldhús, samkomuhús o.fl. Til stendur að reisa nýtt um 3.200 m² hjúkrunarheimili með 44 gistirýmum. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að hús nr. 21 og 23 við Hverahlíð víki. Til viðbótar nú er gert ráð fyrir að hús nr. 17 og 19 víki einnig. Byggingar sem gert er ráð fyrir að víki eru metnar með miðlungs eða lágt gildi. Lóðir eru sameinaðar á suðurreit en óbreyttar á norðurreit. Nýtingarhlutfall á suðurreit (Hverahlíð 17) verður 0,6 eins og gildandi aðalskipulag kveður á um. Á norðurreit er það óbreytt, 0,27. Húsakönnun og fornleifaskráning fylgja deiliskipulagsbreytingu. Lóð undir spennistöð er að finna á suðurreit. Frestur til athugasemda var frá 13. janúar til 13. febrúar 2025 og framlengdur athugasemdafrestur frá 14. mars til 28. mars 2025. Umsagnir bárust frá Veitum dags. 10. febrúar 2025, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 10. febrúar 2025 og Rarik dags. 13. febrúar 2025. Brugðist var við athugasemd frá Rarik og lóð spennistöðvar færð. Athugasemdafrestur var framlengdur öðru sinni í fjórar vikur til 14. júní 2025. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sendi inn umsögn dags. 13. júní 2025. Í umsögninni kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting, Áss- og Grundarsvæðis vegna Hverahlíðar – uppskipting lóða.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum 12. júní 2025 breytingu á deiliskipulagi Áss- og Grundarsvæðis. Markmið óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Áss- og Grundarsvæðis vegna Hverahlíðar er að skipta upp lóð hjúkrunarheimilisins, sem er 9.072 m² að stærð og nær yfir allar byggingar og byggingarreiti milli Bröttuhlíðar og Hverahlíðar, upp í þrjár lóðir. Vegna breytingar lóðarmarkna eru kvaðir um lagnaleiðir og aðkomu að sorpi sýndar á uppdrætti. Byggingarheimildir haldast óbreyttar. Breytingin er í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag og er talin óveruleg, þar sem allar byggingarheimildir haldast óbreyttar sem og aðrir gildandi skipulagsskilmálar.

Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 25. júní 2025.

Hildur Gunnarsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 27. júní 2025